

## Á æ t l u n

um 9.—12. ferð landpóstanna árið 1884.

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	
I. Vestanpóstur.	<b>A. Milli Reykjavíkur og Hjarðarholts.</b>	<i>Reykjavík</i>	30. sept.	20. okt.	8. nóv.	2. des.	
		Mosfell	30. —	20. —	8. —	2. —	
		Saurbær	2. okt.	22. —	10. —	4. —	
		Hestur	3. —	23. —	11. —	5. —	
	1. <i>Frá Reykjavík.</i>	<i>Arnarholt</i>	4. —	24. —	12. —	6. —	
		2. <i>Frá Hjarðarholts.</i>	<i>Hjarðarholt</i>	8. okt.	29. okt.	17. nóv.	11. des.
			<i>Arnarholt</i>	9. —	30. —	18. —	12. —
			Hestur	10. —	31. —	19. —	13. —
	Saurbær		10. —	31. —	21. —	15. —	
	B. Milli Ísafjarðar og Hjarðarholts.	<i>Ísafjörður</i>	1. okt.	21. okt.	10. nóv.	3. des.	
Vatnsfjörður		1. —	21. —	10. —	3. —		
Bær		3. —	23. —	12. —	5. —		
Máskelda		4. —	24. —	13. —	6. —		
1. <i>Frá Ísafirði.</i>	2. <i>Frá Hjarðarholts.</i>	<i>Hjarðarholt</i>	8. okt.	27. okt.	16. nóv.	9. des.	
		Máskelda	9. —	28. —	17. —	10. —	
		Bær	10. —	29. —	18. —	11. —	
		Vatnsfjörður	12. —	31. —	20. —	13. —	
II. Norðanpóstur.	<b>A. Milli Reykjavíkur og Staðar.</b>	<i>Reykjavík</i>	1. okt.	21. okt.	10. nóv.	3. des.	
		Mosfell	1. —	21. —	10. —	3. —	
		Saurbær	2. —	23. —	12. —	5. —	
		Hestur	3. —	24. —	13. —	6. —	
	1. <i>Frá Reykjavík.</i>	<i>Arnarholt</i>	4. —	25. —	14. —	7. —	
		2. <i>Frá Stað.</i>	<i>Staður</i>	8. okt.	29. okt.	18. nóv.	11. des.
			<i>Arnarholt</i>	10. —	31. —	20. —	13. —
			Hestur	11. —	1. nóv.	21. —	14. —
	Saurbær		11. —	1. —	21. —	14. —	
	B. Milli Akureyrar og Staðar.	<i>Möðruvellir</i>	1. okt.	21. okt.	10. nóv.	3. des.	
Steinsstaðir		1. —	21. —	10. —	3. —		
<i>Miklibær</i>		2. —	22. —	11. —	4. —		
Víðimýri		3. —	23. —	12. —	5. —		
1. <i>Frá Akureyri.</i>	Botnastaðir	3. —	23. —	12. —	5. —		
	Reykir	4. —	24. —	13. —	6. —		
	<i>Sveinsstaðir</i>	5. —	25. —	14. —	7. —		
	Lækjamót	6. —	26. —	15. —	8. —		
Staðarbakki	Lækjamót	6. —	26. —	15. —	8. —		
	Staðarbakki	7. —	27. —	16. —	9. —		

28. d. ágústmán: 1884.

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.
II. Norðanpóstur.	2. Frá Stað.	<i>Staður</i>	9. okt.	29. okt.	18. nóv.	11. des.
		Staðarbakki	10. —	30. —	19. —	12. —
		Lækjamót	10. —	30. —	19. —	12. —
		<i>Sveinsstaðir</i>	11. —	31. —	20. —	13. —
		Reykir	11. —	31. —	20. —	13. —
		Botnastaðir	12. —	1. nóv.	21. —	14. —
		Víðimýri	12. —	1. —	21. —	14. —
		<i>Miklibær</i>	13. —	2. —	22. —	15. —
		Steinsstaðir	14. —	3. —	23. —	16. —
		Möðruvellir	14. —	3. —	23. —	16. —
III. Seyðisfjarðarpóstur.	A. Milli Akureyrar og Grímsstaða. 1. Frá Akureyri.	<i>Akureyri</i>	2. okt.	22. okt.	11. nóv.	4. des.
		Ljósavatn	3. —	23. —	12. —	5. —
		<i>Grenjaðarstaður</i>	4. —	24. —	13. —	6. —
		Reykjahlíð	5. —	25. —	14. —	7. —
	2. Frá Grímsstöðum.	Grímsstaðir	8. okt.	28. okt.	17. nóv.	10. des.
		Reykjahlíð	9. —	29. —	18. —	11. —
		<i>Grenjaðarstaður</i>	10. —	30. —	19. —	12. —
		Ljósavatn	11. —	31. —	20. —	13. —
	B. Milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða. 1. Frá Seyðisfirði.	<i>Seyðisfjörður</i>	1. okt.	21. okt.	10. nóv.	3. des.
		Höfði	2. —	22. —	11. —	4. —
Skjöldólfsstaðir		3. —	23. —	12. —	5. —	
Grímsstaðir		6. okt.	26. okt.	15. nóv.	8. des.	
2. Frá Grímsstöðum.	Skjöldólfsstaðir	7. —	27. —	16. —	9. —	
	Höfði	8. —	28. —	17. —	10. —	
	<i>Reykjavík</i>	2. okt.	22. okt.	11. nóv.	4. des.	
IV. Austanpóstur.	A. Milli Reykjavíkur og Breiðabólstaðar. 1. Frá Reykjavík.	<i>Hraungerði</i>	4. —	24. —	13. —	6. —
		Ás	5. —	25. —	14. —	7. —
		<i>Breiðabólstaður</i>	7. okt.	27. okt.	16. nóv.	9. des.
	2. Frá Breiðabólstað.	Ás	8. —	28. —	17. —	10. —
		<i>Hraungerði</i>	9. —	29. —	18. —	11. —
		<i>Prestsbakki</i>	1. okt.	21. okt.	10. nóv.	3. des.
B. Milli Prestsbakka og Breiðabólstaðar. 1. Frá Prestsbakka.	Mýrar	2. —	22. —	11. —	4. —	
	Vík	3. —	23. —	12. —	5. —	
	Holt	4. —	24. —	13. —	6. —	
	<i>Breiðabólstaður</i>	7. okt.	27. okt.	16. nóv.	9. des.	
	Holt	8. —	28. —	17. —	10. —	
	Vík	9. —	29. —	18. —	11. —	
	Mýrar	10. —	30. —	19. —	12. —	

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	
V. Eskifjarðarpóstur.	<b>A. Milli Prestsbakka og Bjarnaness.</b> 1. Frá Prestsbakka.	<i>Prestsbakki</i>	1. okt.	21. okt.	10. nóv.	3. des.	
		Sandfell	3. —	23. —	12. —	5. —	
		Kálfafellsstaður	5. —	25. —	14. —	7. —	
	2. Frá Bjarnanesi.	<i>Bjarnanes</i>	7. okt.	27. okt.	16. nóv.	9. des.	
		Kálfafellsstaður	9. —	29. —	18. —	11. —	
		Sandfell	10. —	30. —	19. —	12. —	
	<b>B. Milli Eskifjarðar og Bjarnaness.</b>	1. Frá Eskifirði.	<i>Eskifjörður</i>	30. sept.	20. okt.	9. nóv.	2. des.
			<i>Höfði</i>	1. okt.	21. —	10. —	3. —
			Arnhallsstaðir	2. —	22. —	11. —	4. —
			Höskuldsstaðir	3. —	23. —	12. —	5. —
<i>Djúpivogur</i>			3. —	23. —	12. —	5. —	
Stafafell		4. —	24. —	13. —	6. —		
2. Frá Bjarnanesi.		<i>Bjarnanes</i>	7. okt.	27. okt.	16. nóv.	9. des.	
		Stafafell	8. —	28. —	17. —	10. —	
		<i>Djúpivogur</i>	9. —	29. —	18. —	11. —	
		Höskuldsstaðir	9. —	29. —	18. —	11. —	
	Arnhallsstaðir	10. —	30. —	19. —	12. —		
<i>Höfði</i>	12. —	1. nóv.	21. —	14. —			

a. Burtfarardagar póstanna frá aðalpóststöðvunum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði og Prestsbakka eru fastákveðnir við þá daga, er nefndir eru í ferðaáætluninni, þannig að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7 kvöldið næst á undan. Við milli-stöðvar eru tilteknir þeir dagar, er póstarnir mega leggja á stað þaðan í fyrsta lagi, og ber að afgreiða póstin þann dag, eða svo fljótt, sem unnt er, eptir þann dag.

b. Hvorugur aðalpóstanna (Eskifjarðarpóstur og Seyðisfjarðarpóstur) má fara frá Höfða í Vallahreppi í leiðinni frá Eskifirði og Seyðisfirði fyrri en þeir eru báðir komnir til þessarar póst-afgreiðslu:

Þessir eru aukapóstar:

1. GULLBRINGUSÝSLUPÓSTURINN leggur á stað frá Reykjavík daginn eptir komu aðalpóstanna, fer um Hafnarfjörð og Kálfatjörn til Keflavíkur, dvelur sólarhring þar, og snýr þá aptur sömu leið til Reykjavíkur.
2. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli Arnarholts og Stykkishólms, fer frá Arnarholti í hvert skipti strax eptir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík og kemur við á Staðarhrauni og Rauðkollsstöðum; snýr aptur frá Stykkishólmi eptir 12 tíma viðstöðu þar, og fer sömu leið aptur til Arnarholts; kemur þangað áður en norðanpóstur leggur þaðan á stað til Reykjavíkur.

Daginn eptir að póstur þessi er kominn frá Arnarholti að Rauðkollsstöðum, fer aukapóstur þaðan um Staðastað og Búðir til Ólafsvíkur og snýr þaðan strax aptur að Rauðkollsstöðum sömu leið.

3. FLATEYJARPÓSTURINN fer frá Stykkishólmi til Flateyjar strax eptir komu Stykkishólmspóstsins á 10. og 12. ferð, og snýr aptur til Stykkishólms eptir sólarbringsdvöl.
4. DALASÝSLUPÓSTURINN leggur á stað frá Stað í Hrútafirði í síðasta lagi á 3. degi eptir að norðanpóstur er þangað kominn frá Akureyri, fer um Hjarðarholt í Dölum og Breiðabólstað á Skógartrönd til Stykkishólms, og eptir 3 daga dvöl þar snýr hann aptur sömu leið að Stað í Hrútafirði.

97

5. BARÐASTRANDARSÝSLUPÓSTURINN leggur á stað frá Bæ í Reykhólasveit morguninn eftir að vestanpóstur er kominn þangað frá Reykjavík, fer um Brjámslæk og Bíldudal að Vatneyri, og snýr þaðan aptur eftir sólarhringsbið um Brjámslæk að Bæ.
6. STRANDASÝSLUPÓSTURINN fer frá Stað í Hrutafirði daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, um Borðeyri, Prestbakka og Hrófberg í Steingrímsfirði að Kúvíkum í Reykjarfirði, og snýr þaðan aptur eftir sólarhringsdvöl sömu leið.
7. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá Ísafirði um Holt í Önundarfirði að Þingeyri við Dýrafjörð daginn eftir komu vestanpóstsins á Ísafjörð, og snýr aptur frá Þingeyri eftir 12 tíma dvöl þar sömu leið til Ísafjarðar.
8. SKAGASTRANDARPÓSTURINN fer frá Sveinsstöðum um Blönduós að Hólanesi daginn eftir komu norðanpóstsins að Sveinsstöðum frá Stað, og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl á Hólanesi.
9. SAUÐÁRKRÓKSPÓSTURINN fer frá Víðimýri til Sauðárkróks daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað og snýr aptur að Víðimýri eftir sólarhringsviðvöl á Sauðárkrók.
10. SIGLUFJARÐARPÓSTURINN leggur á stað frá Miklabæ daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað; fer um Hofsóss til Siglufjarðar, og snýr aptur sömu leið eftir sólarhringsbið þar.
11. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá Akureyri daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað að Tjörn í Svarfahardal, og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl þar.
12. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir. Fer annar á stað frá Grenjadarstað þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, kemur við á Húsavík, Skinnastöðum og Presthólum og mætir á Raufarhöfn hinum Þingeyjarsýslupóstinum. Sá póstur fer frá Vopnafirði sama dag og hinn pósturinn á að fara frá Grenjadarstað og kemur við á Sauðanesi og Svalbarði. Hvorugur þessara pósta má fara frá Raufarhöfn fyr en hinn er þangað kominn.
13. MÚLASÝSLUPÓSTUR fer frá Höfða í Vallahreppi undir eins og aðalpóstarnir eru komnir báðir til þessarar póstafréiðslu (Eskifjarðarpóstur frá Bjarnanesi og Seyðisfjarðarpóstur frá Grimsstöðum) til Vopnafjarðar og snýr aptur þaðan eftir sólarhringsdvöl.
14. ÁRNESSÝSLUPÓSTUR fer frá Hraungerði um Ólafsvelli að Reykjum á Skeiðum eftir komu austanpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Hraungerði daginn eftir.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. ágúst 1884.

**Bergur Thorberg.**

**Jón Jenson.**

#### EMBÆTTASKIPANIR M. M.

21. ágúst var cand. theol. Morten Hansen eftir ósk hans leystur apturfrá Borgarprestakalli, er honum hafði verið veitt 25. júlí þ. á. (sbr. Stj. tíð, B. bls. 136).

25. s. m. var sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Isafirði C. Fensmark af landshöfðingja vikið frá embætti um stundarsakir fyrir vanskil og setti landshöfðingi s. d. cand. juris Skúla Thoroddsen til þess fyrst um sinn frá 1. september að stjórna nefndu embætti.

27. s. m. var cand. juris Franz Siemsen settur af landshöfðingja til þess fyrst um sinn að gegna sýslaninni sem málaflutningsmaður við landsyfirrettinn í Reykjavík frá 1. september næstkomandi í stað cand. Skúla Thoroddsens, sem settur var til að þjóna sýslumannsembættinu í Isafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu á Isafirði.

#### ÓVEITT PRESTAKALL.

Borg í Mýrprófastsdæmi (Borgar- og Álptaness sóknir) verður veitt með fyrirvara um breyting samkvæmt lögum 27. febr. 1880. Á prestakallinu hvílir 850 kr. landssjóðsskuld sem ávaxtast með 4% og endurborgast með 50 kr. á ári. Metið 1052 kr. 22 a. Auglýst 21. ág. 1884.